

Kennari:
Ásdís Guttormsdóttir
Sindri Þór Guðmundsson

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
5 kennslustundir

Bekkur:
6. bekkur

Samfélagsfræði

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um manninn, samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær greina einingar samfélags og umhverfis frá hinum minnstu (einstaklingi, fjölskyldu, heimabyggð) til hinna stærstu (þjóða, heims, vistkerfa). Samfélagsgreinar spanna fjölbreyttar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda og sögu. Einnig að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Mikilvægt er að nemendur að nemendur tileinki sér réttisýni sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir umhverfið og þjóðfélagið í heild. Samfélagsgreinar örva bæði skapandi og gagnrýna hugsun og hvetja nemendur til þess að færa rök fyrir máli sínu og meta samkvæmni í skoðunum. Námi í siðfræði og trúarbragðafræði er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð.

Nemendur fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessu sviðum hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann eða samfélagið í víðara samhengi. Nemendur þjálfast í samvinnu með öðrum árgöngum að greina margs konar gögn, túlka margvíslegar heimildir og meta frásagnir um fjölbreytileg lífsskilyrði fólks sem og þróun samfélags og menningar. Nemendur fræðast um réttindi sín og skyldur og læra um stofnanir samfélagsins.

Samfélagsfræði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Reynsluheimur	<p>Bókaflokkurinn <i>Börn í okkar Heimi</i></p> <p>Efni frá kennara</p> <p>Trúarbragða vefur mms.is</p> <p>Trúarbrögðin okkar</p> <p>Um víða veröld: heimsálfur</p> <p>https://www.norden.org/is/information/stadreyndir-um-nordurlond</p>	<ul style="list-style-type: none"> – geri sér grein fyrir margbreytilegra fjölskyldna og fjölbreyttum hlutverkum innan þeirra. – Þekkir nokkur nágrannalönd. – Geri grein fyrir einkennum og stöðu Íslands. – Getur gert grein fyrir menningu og lífsviðhorfa sem ríkja á Íslandi – Þekkir til sögu og stöðu trúabragða á Íslandi. – geti rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði dagslegs lífs. – geti notað kort og gröf til þess að afla sér upplýsinga. – Getur gert grein fyrir nokkrum helstu trúarbrögðum hefðum heims og tákn þeirra. – Getur gert grein fyrir nokkrum siðum og hátíðum hjá helstu trúarbrögðum heims. – Þekkir heimsálfurnar. – Þekkir til barnasáttmálans 	<p>Lestur</p> <p>Umræður</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Innlögn</p> <p>Áhorf</p>
Hugarheimur		<ul style="list-style-type: none"> – geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn. – Getur lýst sjálfum sér og gert sér grein fyrir sjálfsmynd sinni í sínu nærsamfélagi. – Getur rætt eigin athafnir og afleiðingar þeirra. 	

Félagsheimur		<ul style="list-style-type: none"> – Hefur kynnst jafnrétti og mannréttindum í samfélaginu. – Gerir sér grein fyrir einkennum lýðræðis. 	
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága